

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir
Dags. 23. mars 2022
Mnr. 2022030115



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - samningur vegna Fossavatnsgöngunnar

Fossavatnsgangan hefur verið haldin á Ísafirði síðan árið 1935 og er elsta skíðamót sem enn er haldið. Árið 2005 var gangan tekin inn á mótaskrá Alþjóða skíðasambandsins og hefur gangan vaxið með hverju árinu, með fjölgun bæði erlendra og innlendra þátttakenda. Samhliða stækkun göngunnar hefur Ísafjarðarbær aukið stuðning sinn við gönguna m.a. með því að troða keppnisbrautirnar, tryggja gott og snyrtilegt aðgengi á Seljalandsdal, ferja flaggstangir og lána tæki og íþróttahús.

Enginn samningur er í gildi milli Ísafjarðarbæjar og Fossavatnsgöngunnar en æskilegt er að hafa gildan samning þegar sveitarfélagið styður við svona stór verkefni. Síðasti samningur var í gildi frá árinu 2016 til 2018 en sá samningur var gerður við Skíðafélag Ísafjarðarbæjar. Sú breyting er nú gerð á samningnum að hann er gerður beint við Fossavatnsgönguna enda er það félagið sem sér um gönguna.

Samningurinn er nú lagður fyrir bæjarráð til samþykktar.

HG